

Fundur 25.9.2023 Hallgerður langbrók.

Góða kvöldið, sælt veri fólkið.

*Já góða kvöldið, velkomin.*

Er hér mikil orka og vona ég að þið finnið það. Kærleiks orka og,

Er það ekki oft sem við fáum tækifæri til að segja frá lífi okkar í smá atriðum, en finn ég nú að orkan er ekki nægileg til að fara nánar út í það allt, vil ég þó leggja áherslu á kærleikann og friðinn.

Forn manneskja, er það ekki oft sem við heiðna fólkið segjum frá því að við þurfum stundum að fara á helstefnu hnetti.

En þannig var með mig, að ég hafði snúið baki við eiginmanni mínum og þurfti að gjalda þess í einu framlífi.

En snéri ég svo á betri braut og hef ég eftir það einsett mér auka kærleika minn á allan hátt og læra af Gyðjum þeim sem eru samnefndar ástar Gyðjur.

Og hef ég unnið að kærleikans málum ætíð síðan.

Nafn mitt er, orkan hér mikil, nafn mitt er Hallgerður langbrók.

*Jaá. Mig grunaði það.*

*Vertu hjartanlega velkomin Hallgerður.*

Takk fyrir.

*Það er svoldið talað um þig enn þá hér á jörðinni.*

Já.

*Ég gerði lag um þig Hallgerður.*

Þakka þér fyrir, ég.

*Kannski hefur þú heyrt það kannski.*

Kannski örfá tóna, það er ekki útilokað, að ég hafi í gegnum þín eyru, eitthvað heyrt já.

Vil gjarnan efla þig og ykkur alla.

*Ég þakka þér fyrir það.*

Já. Það er nú minni orkan þegar aðrir hafa talað en það veit á gott að ég komst í gegn, reynum við að gera meira af því.

Verð ég nú að kveðja, kem ég fljótlega aftur.

Verið þið sælir.

*Vertu sæl og vertu velkomin aftur.*

Takk fyrir..